

Nd.

499. Nefndarálit

[177. mál]

um frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. álbræðslunefndar.

Með samningi þeim, sem ríkisstjórnin hefur gert við svissneska auðfyrirtækið Swiss Aluminium um byggingu og rekstur alúminbræðslu við Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar, er lagt inn á nýja braut í atvinnumálum landsmanna.

Sú stefna, sem ríkjandi hefur verið, að landsmenn einir eigi og reki þau atvinnutæki, sem afkoma þjóðarinnar byggist á, á nú að víkja fyrir þeirri nýju stefnu, að útlendingar megi eignast hér atvinnutæki og geti tekið í sínar hendur að meira eða minna leyti atvinnureksturinn í landinu.

Fram til þessa hefur þjóðin staðið saman um þá stefnu, að landsmenn einir ættu að hafa óskoruð yfirráð yfir atvinnumálum þjóðarinnar. Sú stefna miðaði að því að tryggja þjóðinni efnahagslegt sjálfstæði og fullkomið vald yfir þróun efnahagsmála sinna.

Það var samheldni þjóðarinnar um þessa stefnu, sem réð úrslitum um það, að verzlunin varð innlend, togaraútgerð og fiskverkun komst í hendur innlendra manna og að bankastarfsemin í landinu varð innlend.

Markviss stefna Íslendinga að því að byggja sjálfir upp atvinnulíf sitt og að því að nýta sjálfir auðlindir landsins hefur gjörbreytt efnahagsstöðu þjóðarinnar frá því, sem áður var.

Það má því telja furðulegt, að nú skuli koma fram tillögur um, að horfið verði frá þeirri uppbyggingu og yfirstjórn atvinnumála þjóðarinnar, sem bezt hefur reynzt, en aftur snúið til þeirrar stefnu um áhrifavald útlendinga í þessum málum, sem Íslendingar og margar aðrar þjóðir hafa dýrkeypta reynslu af.

Samningur sá, sem hér er leitað eftir samþykki Alþingis á, er að vísu aðeins um að heimila einu erlendu auðfélagi tiltekinn atvinnurekstur í landinu með allviðtækum friðindum. En ekki fer á milli mála, að þeir menn, sem að samningsgerðinni standa, eru með þessum samningi að ryðja braut nýrri stefnu. Hér er frá þeirra hendi augljóslega um fyrsta samninginn að ræða af mörgum, sem á eftir eiga að koma og í sömu átt fara.

Það var 5. maí 1961, sem núverandi stjórnarflokkasamsteypa setti á stofn svonefnda Stóriðjunefnd. Formaður þeirrar nefndar var skipaður Jóhannes Nordal bankastjóri Seðlabankans.

Það kom brátt í ljós, að verkefni þeirrar nefndar var fyrst og fremst það að leita eftir samningum við erlend auðfyrirtæki um atvinnurekstur á Íslandi. Formaður Stóriðjunefndar tókst fljótlega á hendur ferðalög út í heim í slíkum tilgangi, og strax beindist hugurinn að byggingu alúminbræðslu.

Hinn 23. febrúar 1962 símar fréttaritari dagblaðsins Tímans í Kaupmannahöfn eftirfarandi um ferðir formanns Stóriðjunefndar:

„Í sambandi við þær ráðagerðir, sem hafa verið á döfinni um stofnun alúminíumverksmiðju á Íslandi, hefur danska sendiráðið í Reykjavík sent frá sér skýrslu um viðtal við Jóhannes Nordal bankastjóra. Dagblaðið „Börsen“ birti í dag útdrátt úr skýrslunni, þar sem Nordal segir m. a.: „Ein aðalástæðan fyrir þessum ráðagerðum er sú, að íslenzkur sjávarútvegur er ekki talinn geta aukið útflutningstekjur sínar nema um 5% í hæsta lagi á ári næstu ár, og slík tekjuaukning hjá aðalatvinnuvegi landsmanna nægir ekki til að tryggja með góðu móti bætt lífskjör og velmegun í landinu. Íslendingar verða því að leita annarra möguleika til að auka útflutningstekjur sínar.““

Í þessari umsögn kemur skýrt fram sú skoðun Jóhannesar Nordals bankastjóra, að Íslendingar geti ekki lengur byggt á sínum eigin atvinnuvegum, eigi þeir að halda uppi góðum lífskjörum og velmegun þjóðarinnar. Sjávarútvegurinn er að hans dómi ófær um sem aðalatvinnuvegur að tryggja þjóðinni þær lífskjara-bætur, sem stefna þarf að, og ráð hans til úrbóta er að fá útlend auðfyrirtæki til að setja upp atvinnurekstur í landinu.

Jóhannes Nordal, formaður Stóriðjunefndar, var ekki einn um þessa skoðun. Aðal-efnahagsráðunautur ríkisstjórnarinnar, Jónas Haralz, forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, flutti ræðu á ráðstefnu íslenzkra verkfræðinga árið 1962, þar sem hann fjallaði sérstaklega um áhrif stóriðju á þjóðarþúskapinn. Í lok ræðu sinnar sagði Jónas:

„Ég hef reynt að sýna fram á, að þær atvinnugreinar, sem hingað til hafa verið meginstoðir þjóðarþúskaparins, landbúnaður, sjávarútvegur og framleiðsla iðnaðarvöru fyrir innlendan markað, veiti ekki á næstu árum nægilegt svigrúm til þess vaxtar þjóðarframleiðslu, sem æskilegt er. Til þess að sá vöxtur geti átt sér stað, verður að fara nýjar leiðir.“

Skoðanir Jónasar Haralz eru líka skýrar. Hann leggur áherzlu á, að atvinnuvegir þjóðarinnar dugi ekki lengur og að nú verði að fara nýjar leiðir í atvinnu-málum. Í ræðu sinni leitaðist Jónas við að sanna, að engar líkur væru til, að framleiðsla sjávarafurða gæti aukizt um meir en 4.5% að meðaltali á ári næstu ár.

Og það voru ekki aðeins efnahagsráðunautar ríkisstjórnarinnar, sem birtu þá skoðun sína, að atvinnuvegir landsmanna dygðu ekki lengur. Árið 1961 fluttu 7 þingmenn Sjálfstæðisflokksins á Alþingi tillögu um að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að þeir fiskibátar Íslendinga, sem væru yfir 150 rúml. að stærð, yrðu sendir til að veiða við strendur Afríku, þar sem rekstrargrundvöllur væri ekki fyrir slíka báta við Ísland. Í greinargerð tillögu þeirra segir m. a.:

„Á undanförnum árum hafa ný skip í bátafлотanum farið stækkandi. Allmikið hefur verið byggt af skipum 150—250 rúml. Þessi skip eru of dýr, bæði í stofn-kostnaði og rekstri, til þess að þau geti byggt afkomu sína eingöngu á veiðum hér við land.“

Þetta var sú skoðun, sem ríkjandi var orðin í forustuliði Sjálfstæðisflokksins um það leyti, sem sildveiðar hinna stærri skipa með kraftblökk voru að ryðja sér til rúms. Þannig var trúin á íslenzkum sjávarútvegi í þingliði ríkisstjórnarinnar.

Sama vantrúin á íslenzkum atvinnuvegum kom hvað eftir annað fram hjá núverandi forsætisráðherra, Bjarna Benediktssyni, og jafnframt mikil trú hans á erlendri stóriðju. Á sambandsfundi ungra sjálfstæðismanna 28. febrúar 1964 sagði Bjarni Benediktsson m. a.: „Með stóriðju skapast traust og festa í efnahagslífinu.“ Forsætisráðherrann sagði enn fremur: ... „að hann efaðist um, að nokkurt

annað sjálfstætt ríki byggði velgengni sína á jafnótraustum grundvelli og fiski, sem syndir um hafdjúpin.“

Þessi og ótal fleiri ummæli þeirra manna, sem nú eru aðaltalsmenn alúminsamninganna við hið svissneska auðfyrirtæki, sanna, svo að ekki verður um villzt, að þeir eru með þessum samningum að taka upp nýja stefnu í atvinnumálum landsmanna. Þeirra skoðun er sú, að ekki sé lengur hægt að treysta á atvinnuvegi Þjóðarinnar og auðlindir landsins, eigi framfarir að vera eðlilegar hjá Þjóðinni. Og þeirra úrræði er að leita til erlendra auðfyrirtækja og fá þau til þess að taka að sér atvinnurekstur í landinu.

Hin nýja stefna þeirra alúminmanna byggist því að verulegu leyti á vantrú á íslenskum atvinnuvegum og á getu landsmanna sjálfra til að annast atvinnurekstur og á vantrú á íslenskum náttúrugæðum og auðlindum.

Nú hefur reynsla undanfarandi ára og áratuga gjörsamlega sýnt, að vantrú þessi er ástæðulaus. Framleiðsluaukningin í sjávarútvegi hefur ekki orðið sú, sem Jónas Haralz og Jóhannes Nordal höfðu reiknað út, heldur margfalt meiri. Fiskafllinn hefur aukizt um 20% á ári í nokkur ár, og verðlag á sjávarafurðum hefur farið stórhækkandi á erlendum mörkuðum. Þjóðartekjurnar hafa vaxið með meiri hraða en áður og meir en hjá nálægum Þjóðum. Atvinnuvegir landsins hafa einmitt sýnt, að þeir duga vel og betur en atvinnuvegir margra annarra, sem stærri eru. Reynslan hefur sýnt, að möguleikar til stóraukinnar framleiðslu eru miklir. Vinnuafli hefur skort við framleiðslustörf og framkvæmdir, svo að miklir möguleikar hafa orðið að liggja ónotaðir.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki skilið og skilur ekki enn þá miklu möguleika, sem fyrir hendi eru í atvinnulífi Þjóðarinnar. Það er ekki hennar stefnu að þakka, að mikill afli hefur borizt á land síðustu árin. Og það er ekki hennar stefnu að þakka, að fiskiskipaflotinn hefur stækkað og aðstaða til fiskvinnslu batnað. Þvert á móti hafa framfarir og framkvæmdir í þessum efnunum átt sér stað þrátt fyrir skilningsleysi stjórnarvalda og vantrú þeirra og ýmsar stjórnarráðstafanir, sem beinlínis hafa verið hinum miklu athöfnum til torveldunar.

Ég hef nú rætt nokkur almenn atriði þess stórmáls, sem hér er fjallað um. Ég ætla, að af því, sem sagt hefur verið, megi ljóst vera, að reynsla Íslendinga af atvinnurekstri útlendinga í landinu er ekki sú, að æskilegt sé að fara inn á þá braut að nýju. Ég ætla einnig, að það megi vera ljóst, að reynsla landsmanna af náttúrugæðum landsins og auðlindum þess er ekki sú, að ástæða sé að tapa trú á getu landsmanna til að nýta þau gæði né heldur til þess að efast um, að framleiðsla Þjóðarinnar getur vaxið fyllilega til samræmis við það, sem gerist með öðrum Þjóðum. Ástæður til þess að yfirgefa þá stefnu í atvinnumálum, sem gefizt hefur landsmönnum vel, og til þess að hverfa til þeirrar stefnu, sem reynzt hefur þeim og mörgum öðrum Þjóðum illa, eru því ekki fyrir hendi.

Ég mun nú víkja í nokkrum einstökum atriðum að samningunum við Sviss Aluminium.

Meginatriði samninganna er það, að Íslendingar taka að sér að byggja mikið raforkuver við Búrfell, sem ráðgert er að kosti samtals að meðtöldum vöxtum á byggingartíma um 1913 milljónir króna. Ráðgert er, að  $\frac{2}{3}$  hlutar af orku virkjunarinnar verði seldir alúminhringnum með föstum samningi til 45 ára. Fyrstu 25 árin verður raforkuverðið svo að segja óbreytt, eða 10.75 aurar hver kílóvattstund.

Annað aðalatriði samninganna er það, að svissneska auðhringnum Swiss Aluminium er heimilað að byggja alúminbræðslu við Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar og reka hana næstu 45 árin. Ráðgert er, að alúminbræðslan geti framleitt um 60 þúsund tonn af málmni á ári og að stofnkostnaður hennar verði um 2500 milljónir króna, miðað við, að allir tollar og aðflutningsgjöld af vélum og tækjum og efni verði gefin eftir.

Af hálfu þeirra, sem að þessari samningsgerð standa, er því haldið fram, að framleiðslukostnaður rafmagns í Búrfellsvirkjun verði um 10.40 aurar á kwst. og að þar af leiðandi muni verða um nokkurn hagnað á raforkusölu til alúmínbræðslunnar að ræða. Við þá fullyrðingu eru þessar athugasemdir þó gerðar:

1. Framleiðslukostnaðurinn 10.40 aurar á kwst. er miðaður við stofnkostnaðar-áætlanir, en ekki raunverulegan byggingarkostnað. Fari allt verkið 65 milljónir króna fram úr áætlun, er beinn framleiðslukostnaður raforkunnar kominn yfir 10.75 aura á kwst.

2. Í áætlunum er aðeins gert ráð fyrir varúðarráðstöfunum fyrir ofan virkjunina, sem kosta eiga 24 milljónir króna, en slíkar framkvæmdir eru taldar af ýmsum sérfræðingum algerlega ófullnægjandi til þess að draga úr truflunum vegna ismyndunar og aurskriðs í ánni.

3. Reiknað er með, að olíuafli-varastöðvar verði aðeins reknar í 6—8 daga á ári, miðað við fulla orkuþörf alúmínbræðslunnar. Augljóst er, að hér er reiknað með allt of litlum kostnaði af rekstri varastöðvanna miðað við þær aðstæður, sem við er að búa, þar sem um miðlunarlausu virkjun er að ræða. Aðeins olíukostnaðurinn einn er talinn nema 55 aurum á hverja framleidda kwst. í varastöðvunum. Við þann kostnað bætist svo annar rekstrarkostnaður þeirra.

4. Tveir kunnir sérfræðingar í virkjunarmálum, sem sérstaka stund hafa lagt á að rannsaka ísvandamál í fallvötnum, hafa varað sterklega við óvenjumiklum ísamyndunum í Þjórsá við Búrfell og bent á aðgerðir, sem gera þyrfti fyrir ofan virkjun til þess að draga úr mesta vandanum. Ef farið væri að ábendingum þeirra, mundi framkvæmdakostnaður við virkjunina hækka mikið.

Það bendir því allt til þess, að það raforkuverð, sem samið hefur verið um við auðhringinn, sé beinlínis undir framleiðslukostnaðarverði.

Nú er ekki um það deilt, að virkjunin við Búrfell er ein hin hagstæðasta, sem Íslendingar eiga. Samningur, sem felur í sér ráðstöfun á  $\frac{2}{3}$  hlutum þeirrar raforku, sem til fellur frá þessari virkjun, um 45 ára tímabil og það á knöppu framleiðslukostnaðarverði, eða jafnvel undir því, er því mjög óhagstæður fyrir landsmenn, sem á þessu tímabili verða að ráðast í aðrar og dýrari virkjanir vegna eigin nota.

Rekstur alúmínverksmiðjunnar mun ekki færa Íslendingum aðrar tekjur en þær, sem til falla fyrir vinnuafli þeirra landsmanna, sem í verksmiðjunni vinna, og vegna skatta, sem fyrirtækið á að greiða. Allur hagnaður af fyrirtækinu rennur til útlendinganna. Ráðgert er, að í verksmiðjunni vinni um 450 menn og af þeim nokkrir útlendingar. Sé reiknað með 400 Íslendingum við störf í verksmiðjunni og meðaltalskaupi 250 þús. krónum á ári, verða heildartekjurnar 100 milljónir króna á ári. Áætlað er, að verksmiðjan greiði í skatt árlega 50 milljónir króna. Augljóst er því, að tekjur Íslendinga af rekstri verksmiðjunnar verða ekki meiri en 150—200 millj. kr. á ári, því að um tekjur af rafmagnssölunni er ekki að ræða fyrstu 25 árin, ekki sem hreinar gjaldeyristekjur fyrir þjóðina.

Í samningunum er gert ráð fyrir margvíslegum sérréttindum til handa hinum erlenda atvinnurekanda, og má m. a. nefna eftirfarandi:

1. Tollar og aðflutningsgjöld af stofnframkvæmdum eru gefin eftir, og nemur sú eftirgjöf 500 milljónum króna.

2. Tollar af rekstrarvörum, þ. e. hráefni, varahlutum, vistum, vélum og tækjum o. s. frv., eru niður felldir:

3. Verksmiðjufyrirtækið er undanþegið ákvæðum gjaldeyrislaga og getur ráðstafað gjaldeyri sínum að vild.

4. Fyrirtækið þarf ekki að greiða margvísleg gjöld, sem fyrirtæki landsmanna verða að greiða. Framleiðslugjaldið, sem fyrirtækið á að greiða, felur ekki í sér ýmis gjöld, sem innlend fyrirtæki greiða nú.

5. Nokkur gjöld greiðir fyrirtækið eins og þau eru nú, en þarf ekki að greiða hækkanir, sem síðar kunna að verða ákveðnar.

6. Verði fleiri en eitt gengi á krónunni í gildi í landinu, á hið erlenda fyrirtæki aldrei að búa við óhagstæðara gengi en vegið meðaltal þeirra, sem í gildi eru. Þannig gæti svo farið að alúminverksmiðjan byggi við hagstæðari gengisskráningu en t. d. meginhluti útflutnings landsmanna sjálfra.

7. Íslenska álfélagið h/f skal ekki þurfa að leggja fram reikninga sína eða bókhald fyrir íslensk skattayfirvöld, heldur fyrir óháða erlenda endurskoðunar-skrifstofu.

8. Íslenska álfélagið h/f skal ekki lúta íslensku réttarfari og úrskurði íslenskra dómstóla, nema það fallist á það, en hafa rétt til þess að skjóta ágreiningsmálum sínum við íslensk stjórnarvöld, eða við Hafnarfjarðarkaupstað og Landsvirkjun, fyrir erlendan gerðardóm. Þannig eru hinum erlenda aðila skapaðar hér allt aðrar starfsreglur og meiri réttur en landsmenn sjálfir njóta.

Þegar samburður er gerður á samningi þeim, sem ríkisstjórnin hefur gert við Swiss Aluminium, og samningum Norðmanna við sama fyrirtæki, kemur m. a. þetta í ljós:

1. Í Noregi hefur alúminhringurinn samið um raforkuverð, sem nemur 13.76 aurum á kwst., eða er 28% hærra en það, sem hér er samið um. Þar hækkar rafmagnsverðið samkvæmt vísitölu, en hér verður það óbreytt í 25 ár.

2. Í Noregi sættir Swiss Aluminium sig við að hlíta norskum lögum og reglum, eins og þau verða á hverjum tíma.

3. Í norsku samningunum er skýrt tekið fram, að félagið njóti engra sérreðttinda.

4. Í Noregi var alúminverksmiðjan staðsett í afskekktu strjálbýli, þar sem atvinna var lítil.

5. Í Noregi verður alúminhringurinn að taka að sér að byggja yfir starfsfólk og taka þátt í ýmsum opinberum byggingum á staðnum. Hér sparar hringurinn sér allt slíkt og setur skilyrði um, að starfsmenn verksmiðjunnar geti búið í Hafnarfirði eða Reykjavík.

6. Í Noregi er alúminverksmiðjan byggð með reykahreinsunartækjum, en hér sleppur hringurinn við 100 milljón króna útgjöld af slíku.

Þannig er ekkert um það að villast, að samningar þeir, sem hér liggja fyrir til staðfestingar, eru miklu óhagstæðari fyrir Íslendinga en hliðstæðir samningar í Noregi eru fyrir Norðmenn.

Ef litið er til þess, hvaða afleiðingar samningar þessir muni hafa í för með sér fyrir íslenskt atvinnulíf og þróun efnahagsmála, er augljóst, að þær hljóta að verða slæmar í mörgum greinum.

Jafnmiklar stofnframkvæmdir og hér eru ráðgerðar draga til sín mikið vinnuafli. Búast má við, að við byggingarframkvæmdir við Búrfell og við Straumsvík þurfi um 2000 manns á árunum 1967 og 1968, þegar allt það fólk er talið, sem við framkvæmdir þessar verður bundið. Slíkan mannafla er ekki hægt að fá hér á landi, án þess að það bitni á öðrum atvinnugreinum, eða að meiri háttar tilflutningur á fólki komi til.

Stórframkvæmdir sem þessar hljóta því að stórauka þenslu á vinnumarkaði. Afleiðingar þess verða uppboð á vinnuafli, og efalaust siglir í kjölfar þess mikill vöxtur dýrtíðar.

Flutningur fólks utan af landsbyggðinni til Faxaflóasvæðisins hefur verið mikið vandamál að undanfögnu, en það vandamál hlýtur nú að aukast til mikilla muna. Þó að ráðgert sé í sambandi við þetta mál, að nokkur hluti af skattgreiðslum alúminbræðslunnar eigi að renna til atvinnujöfnunar úti á landi, skiptir það litlu máli. Flutningur fólks utan af landi til vinnu við stórframkvæmdirnar í 3—4 ár mun ráða úrslitum um búsetu þess fólks í mörgum tilfellum. Hætt er því við, að smávægilegar fjárhagsráðstafanir til atvinnuframkvæmda úti á landi síðar komi að litlu gagni.

Þá er einnig ljóst, að þau sérreðttindi, sem hinn erlendi atvinnurekandi á að fá,

munu skapa mikið misrétti á milli hans og innlendra atvinnurekenda. Þessir aðilar eiga þó að keppa um vinnuaflið á sama grundvelli. Innlendir atvinnurekstur verður auðvitað að standa áfram undir hinum mörgu og breytilegu tekjustofnum ríkisbúskaparins. Hann verður að standa undir áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífsins, því að ekki gerir hinn erlendi aðili það.

Þannig munu þessir samningar leiða af sér margvíslega erfiðleika, sem erfitt getur reynzt að fást við.

Í umræðum þeim, sem fram hafa farið um alúminmálið, hafa talsmenn ríkisstjórnarinnar mjög reynt að halda því fram, að við, sem á móti málinu erum, séum á móti stóriðju og á móti aukinni fjölbreytni í atvinnulífi landsins. Slíkar ásakningar eru rangar. Við Alþýðubandalagsmenn erum ekki andvígir stóriðju, en við viljum, að stóriðja á Íslandi verði íslensk stóriðja, eign landsmanna sjálfra.

Sjálfsgagt er að auka fjölbreytni í atvinnulífinu m. a. með nýjum framleiðslugreinum til útflutnings. En í þeim efnum teljum við, að leggja eigi höfuðáherzlu á að fullvinna þau hráefni, sem til falla í landinu, eins og t. d. ýmsar sjávarafurðir og vörur landbúnaðarins. Stóriðjufyrirtæki við hæfi Íslendinga eiga að koma hér upp stig af stigi, en þar sem um er að ræða erlenda stóriðju, gegnir allt öðru máli.

Þá hafa þeir alúminmenn reynt að afsaka það undraverða ákvæði samningsins, sem heimilar Íslenska álfélaginu h/f rétt til þess að skjóta deilumálum sínum við innlenda aðila undir erlendan gerðardóm, með því, að fordæmi væru um slíkan gerðardóm úr öðrum samningum Íslendinga, eins og t. d. olíusamningnum við Sovétríkin. Slík afsökun er gott dæmi um algjör rökþrot þeirra alúminmanna, þar sem hér er gjörsamlega ólíkum hlutum jafnað saman. Það er alkunna, að gerðardómsákvæði hafa í mörg ár verið í ýmsum samningum Íslendinga við önnur ríki og varðandi erlend verzlunarviðskipti. Slík ákvæði hafa af öllum verið talin eðlileg, því að þar hefur verið um að ræða **hérlandan** og **erlendan** aðila. Annar hefur átt eðlilega lögvernd á Íslandi, hinn erlendis. Þessir aðilar hafa skiljanlega komið sér saman um gerðardóm til þess að úrskurða deilumál. En það, sem gerir gerðardómsákvæði alúminsamningsins algjörlega einstæð, er það, að þar er um að ræða íslenskt félag, skráð sem íslenskt hlutafélag, félag, sem rekur starfsemi sína hér á landi. Það félag á samkvæmt samningnum að hafa heimild til að skjóta ágreiningsmálum sínum við innlenda aðila undir úrskurð erlends gerðardóms. Um ekkert dæmi hliðstætt þessu er kunnugt. Swiss Aluminium á dótturfélög í mörgum löndum. Það hefur hvergi þennan rétt fyrir dótturfélög sín, nema hér. Vitað er, að ýmsir erlendir auðhringar eiga og reka fyrirtæki í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, en hitt er líka vitað, að þeir verða í öllum greinum að hlíta lögsögu og réttarfari viðkomandi lands. Samanburður þeirra alúminmanna á þessu ákvæði samningsins og ákvæðum í verzlunarsamningum sýnir aðeins algjör rökþrot þeirra.

Við Alþýðubandalagsmenn erum andvígir þessum samningnum ríkisstjórnarinnar við hinn erlenda auðhring um atvinnurekstur í landinu. Við teljum mikla hættu felast í því að veita erlendu auðfyrirtæki sérréttindi til atvinnurekstrar, en álitum, að áfram sé hollast fyrir þjóðina að treysta á eigin atvinnuvegi og eigin yfirráð og forustu í þeim efnum. Við vörum við hættulegum afleiðingum í efnahagslífi landsins af slíkum stórframkvæmdum á fáum árum, eins og nú er háttað um framkvæmdir og atvinnurekstur, þar sem yfirleitt vantar mjög tilfinnanlega vinnuafli. Við vörum sérstaklega við því vanmati á atvinnuvegum þjóðarinnar, sem fram kemur í þessari samningsgerð ríkisstjórnarinnar, og teljum, að aldrei áður hafi þjóðin haft jafnmikla og góða möguleika til mikilla framkvæmda og framfara, aðeins ef auðlindir landsins væru hagnýttar rétt og byggt á grundvallaratvinnuvegum landsmanna sjálfra. Við vörum við hættulegum tilhneigingum, sem fram koma hjá ríkisstjórninni í þá átt að opna allar gáttir fyrir erlendum áhrifum og þá einnig fyrir þeim, sem augljóslega eru hættuleg íslenskri menningu, sjálfstæði þjóðarinnar, bæði efnahagslegu og pólitísku.

Ég legg því eindregið til, að frumvarpið verði fellt. Verði frumv. eigi að síður samþykkt, legg ég til, að lögin öðlist ekki gildi, fyrr en fram hefur farið þjóðar- atkvæðagreiðsla um þau og ekki nema meiri hluti þeirra, sem atkvæði greiða, samþykki lögin. Tillögu þess efnis mun ég flytja á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Lúðvík Jósefsson.